



STRAUMUR

— Lítil dýragarður tileinkaður lunda og hrafni.

Undirritaðir hafa í hyggju að opna upplýsingasetur og lítinn dýragarð með fuglunum lunda og hrafni.

Þetta verður gert með hjarta svo að bæði Íslendingar, Hafnfirðingar og við sjálfir getum verið stoltir af.

Framkvæmd sem gerð er til gagns, gamans og fræðslu fyrir Íslendinga og gesti okkar í húsnæði sem þegar er tekið eftir og skal látið skína.

Lundinn og hrafninn



Bæði lundinn og hrafninn eru með einstakari fuglum sem hafa búsetu á Íslandi og í raun hægt að segja í heiminum. Báðar tegundir eru sterkt tengdar Íslandi og eru einstakar af mjög ólíkum ástæðum.

Þegar skoðaðar eru vísendingar um „vinsældir“ eða í það minnsta áhuga á fuglunum þá vekur það athygli. Á Google má sjá að báðar tegundir eru „googlaðar“ meira en Bláa Lónið bæði í Bandaríkjunum, Bretlandi og í heiminum þó svo að 60% af lundum heimsins séu á Íslandi og hrafni sé ekki algengur fugl í heiminum. Í raun eru það einungis fuglategundirnar mörgæsir og ugglur sem leitað er meira á netinu en þessar tvær tegundir að undanskildum skallaerni í Bandaríkjunum, af augljósum ástæðum.

Pó að ekki sé hægt að staðhæfa af hverju lundinn og hrafninn séu þetta forvitnilegar tegundir þá eru líkur á að það sé fyrst og fremst útlit þeirra sem veldur því þar sem almenn kunnátta virðist ekki vera mikil. Þar liggur mikið tækifæri þar sem þessar ólíku tegundir eru fyrst alvöru áhugaverðar við nánari kynni.

Lundinn er eini fuglinn sem er ekki með hol bein og getur því kafað niður allt að 60 metra dýpi í leit að æti. Hann flýgur á næstum því 90 km hraða á klukkustund, blakar vængjunum upp til 400 sinnum á mínútu, parar sig fyrir lífstíð og verpir í sömu holuna aftur og aftur. Lundinn eyðir um 8 mánuðum af árinu úti á sjó og kemur einungis í land fyrir varp. Lundinn er ekki hærri en 20 cm á hæð, 30 cm langur frá goggi til stéls.

Hrafninn er talinn eitt af gáfuðustu dýrum jarðar. Hann getur leyst þrautir, lært að tala, glysgjarn, hrekkjöttur og leikglaður. Sagan segir að hrafnar Hrafna-Flóka hafi fundið Ísland sem og sitja hrafnarnir Huginn og Muninn á öxlum Óðins.

Hvað verður í Straumi?

Eins óspennandi og það hljómar þá er hugmyndin að í Straumi verði upplýsingasetur um fuglana tvo. Það verða gerðar tvær stuttar kynningarmyndir, ein um hvorn fugl, sem kynning þegar gestir mæta í Straum.

Lunda kynningin verður í nokkurskonar þrívídd. Honum verður fylgt á mikið dýpi, hvílandi sig á úti á miðju ballarhafi og að athafna sig í holunni. Í raun fá gestirnir að fylgja honum í þessu margbrotna lífi sem hann lifir.

Myndin um hrafninn verður meira sögutengd. Grafísk, teiknuð að hluta, og tengd „popular culture“. Komið verður inn á áður nefndan Hrafna-Flóka, Ásasögurnar og fjöldan allan af bíómyndum sem og flökkusögum um hrafninn og hans athafnir.

Þar næst mun gesturinn verða leiddur um fræðslu sem mun gefa honum betri mynd af mörgum af þessum sérstöku hlutum við hvorn fugl með myndum, texta og gagnvirkni.

Að lokum eru tvö rými, eitt fyrir hvorn fugl. Stærra rýmið yrði klettur með stórrí tjörn sem er með gler hlið fyrir góðan fjölda af lundum. Þar verður búið til umhverfi eins nálægt náttúrulegum aðstæðum og hægt er. Minna rýmið yrði eins og lítið leikhús með niðurgrafið svið þar sem svæði er fyrir tvo hrafna í einu ásamt umsjónarmanni til að athafna sig. Hrafnarnir munu spjalla við gesti sem og að leysa þrautir.


Aðstaða fyrir fuglana og hvaðan koma þeir?

Það verður lagt mikið í að aðstaða fuglanna verði sem best. Það er grundvöllur þess að gestum muni líða vel í heimsókn sinni að fuglunum líði einnig vel. Við getum sagt að fyrirmynd í þessum efnum er tekin frá dýragarðinum Kolmården í Svíþjóð.

Kolmården er t.d. heimili 11 dýrategunda sem eru talin í útrýmingarhættu eða sagt að skulu vernda. Með kynningu, rannsóknum og beinum styrkjum stuðlar garðurinn að vinna við verndun dýra. Kolmården er meðlimur í EAZA (European Association of Zoos and Aquaria) sem Straumur mun sækja um og sækjast eftir að verða einnig meðlimur í.


Samtal hefur átt sér stað við Þekkingarsetur Vestmannaeyja sem sér um pysjueftirlit og pysjuhótelid í Vestmannaeyjum. Það er ljóst að Þekkingarsetrið er í dag ekki með nægjanlega góða aðstöðu til að sjá um þann fjölda pysja og lunda sem það hefur þurft að hjálpa og hýsa og í raun verður það vandamál stærra með hverju árinu. Þekkingarsetrið hefur verið að skoða að koma lundum fyrir í öðrum dýragörðum í Evrópu.

Við teljum að þegar öll „hráefnin“ í þessari hugmynd eru lögð saman þá er erfitt annað en að sjá fyrir sér velheppnaða stofnun sem verður sómi af. Húsnæði Straums með þeim sjarma sem umhverfið gefur af sér, staðsetningu, einstökum fuglum (stjörnunum okkar), reynslu aðstandenda af afþreyingu og hjarta fyrir dýrunum. Vonum að Hafnarfjarðarbær sé sammála og sé tilbúinn í samstarf.



Bakgrunnur aðstandenda

Póroddur Stefánsson



Er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum. Á upphafsárum sínum kynntist hann fjölbreyttu fuglalífi eyjanna og tók þátt í björgun lundapysja árum saman. Póroddur stofnaði og rak Bónusvideó/Vídeohöllina sem og átti og rak leikhúsið Ausuturbæ í 8 ár. Póroddur hefur verið þátttandi í rekstri Göta Lejon leikhússins í Stokkhólmi síðan 2008. Póroddur er með sitt annað heimili enn í Vestmannaeyjum.

Póroddur er einn eigandi félagsins Sjöners ehf. sem er í dag eigandi fasteignarinnar í Straumi.

Kristján Ra. Kristjánsson



Kristján var einn af stofnendum SkjásEins, kom með Hellisbúann til Íslands og er ábyrgur fyrir að Prikíð varð vaggga hip hop og rapp tónlistar á Íslandi.

Kristján var dæmdur í „Landssímamálinu“ svokallaða fyrir peningþvætti og hylmingu.

Síðustu 13 ár hefur Kristján átt og rekið leikhúsið Göta Lejon í Stokkhólmi, sem er eitt af fjórum stóru leikhússviðunum í borginni, ásamt því að eiga og reka framleiðslufyriræki í lifandi afþreyingariðnaði. Kristján hefur verið framleiðandi á yfir 100 sviðsleikverkum í 7 löndum, þar með talið Broadway endurgerðum, og unnið með mörgum af stærstu listamönnum Svíþjóðar þ.m.t. Björn Skifs, Måns Zelmerlöw og Malena Ernman.

Áhugi Kristjáns á fuglum kviknaði snemma. Foreldrar hans byggðu sumarbústað í Öndverðarnesi árið sem hann fæddist og mikill áhugi þeirra á fuglum smitaðist yfir á Kristján. Fyrsta gjöfin sem hann minnst að hafa gefið foreldrum sínum var uppstoppaður lundi frá Færeyjum þegar hann var 10 ára. Af nágroñnum Kristjáns í Stokkhólmi í úthverfi einu var Kristján oppnefndur fuglamaðurinn þegar hann hélt úti fjórum fóðurstöðum á veturna fyrir stóran hóp sem teygði sig frá spætunni í eikinni í garðinum niður í margar tegundir smáfugla.